

Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu
Niðurstöður úttektar á starfsemi
hjúkrunarheimilisins í ágúst 2012

September 2012

Inngangur

Samkvæmt lögum nr. 41/2007 hefur Embætti landlæknis faglegt eftirlit með starfsemi heilbrigðisstofnana og starfi heilbrigðisstétta. Jafnframt er Landlæknir ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar varðandi heilbrigðismál. Undir eftirlit Landlæknis heyra rúmlega tvö þúsund rekstrareiningar.

Embætti landlæknis notar margvíslegar leiðir til að sinna þessum lagaákvæðum og styðst m.a. við gæðaviðmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

Aðferðir

Í ágúst 2012 gerði Embætti landlæknis úttekt á hjúkrunarheimilinu Lundi á Hellu. Fyrir úttektina var leitað eftir ákveðnum upplýsingum frá framkvæmdastjórn heimilisins um þætti er varða þjónustu, húsnæði og aðbúnað, mannauðsmál, gæðamál, lyfjamál, skráningu, atvik og öryggismál. Spurningalisti var í því skyni sendur á Lund og bárust svör við þeim spurningum um miðjan ágúst síðastliðinn. Athugað var hvort kvartanir hefðu borist embættinu varðandi þjónustu heimilisins á síðastliðnu ári en svo reyndist ekki vera. Þá voru niðurstöður úr RAI mati skoðaðar.

Fulltrúar Embættis landlæknis; Anna Björg Aradóttir sviðsstjóri, Laura Sch. Thorsteinsson hjúkrunarfræðingur/verkefnisstjóri og Sigríður Egilsdóttir hjúkrunarfræðingur/verkefnisstjóri fóru í úttektarheimsókn þann 29. ágúst 2012. Fundað var með með Önnu Árdísi Helgadóttur hjúkrunarforstjóra og Áslaugu Önnu Kristinsdóttur hjúkrunardeildarstjóra og farið yfir ýmis gögn sem tengdust úttektinni.

Meginniðurstöður

Notendamiðuð þjónusta – hugmyndafræði og stefna

Markmið hjúkrunar á Lundi er að veita sem bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu þjónustu sem völ er á hverju sinni og að styðjast við viðurkennd viðmið. Áhersla er lögð á að skapa heimilislegt andrúmsloft þar sem leitast er við að sinna þörfum hvers og eins heimilismanns eftir því sem tæk eru á. Unnið er eftir þeirri hugmyndafræði að hverjum heimilismanni sé gert kleift eftir fremsta megni að halda virðingu sinni og sjálfsákvörðunarrétti og er það m.a. í samræmi við Eden hugmyndafræðina sem stuðst hefur verið við að einhverju leyti. Sjá nánar á heimasíðu Lundar: www.lundur.hellu.is.

Við komu á heimilið fá nýir heimilismenn og/eða aðstandendur upplýsingar um helstu þætti er varða starfsemi og þjónustu heimilisins og fá afhentan upplýsingabækling þar sem fram koma ýmsar hagnýtar upplýsingar um starfsemi og þjónustu. Á Lundi eru haldnir fjölskyldufundir eftir þörfum hverju sinni. Leitast er við að hafa góð samskipti við aðstandendur og gott aðgengi er að hjúkrunarfræðingum og öðrum starfsmönnum heimilisins.

Þjónustuþættir

Hjúkrun og umönnun

Heimilismönnum Lundar er tryggð hjúkrunar- og umönnunarþjónusta allan sólarhringinn og er hjúkrunarfræðingur ábyrgur fyrir hverri vakt, ýmist á staðinni vakt eða bakvakt. Við komu á heimilið fer fram upplýsingasöfnun sem geymd er í sjúkraskrá viðkomandi. Allir heimilismenn hafa skilgreindan tengilið, sjúkraliða, og ákveðnar verklagsreglur eru til fyrir þá sem eru tengiliðir heimilismanna á Lundi. Við hjúkrun heimilismanna sem þurfa á líknandi meðferð að halda er stuðst við leiðbeiningar um líknandi meðferð frá Landspítalanum og eru þær aðgengilegar í möppu á vaktherbergi.

Læknisþjónusta

Læknar heilsugæslustöðvarinnar á Hellu eru jafnframt læknar Lundar og fylgjast reglulega með heilsufari heimilismanna. Ekki er alltaf gerð sérstök læknisskoðun við komu á heimilið en fljótlega eftir flutning ræðir læknir við hinn nýja heimilismann. Meðferð á heimilinu er ákveðin af lækni í samráði við heimilismann og/eða aðstandendur. Heimilismenn hafa aðgang að tannlæknum á Hellu og önnur sérfræðilæknisþjónusta er veitt eftir þörfum hverju sinni.

Þjálfun, virkni og sálgæsla

Fullkomin sjúkraþjálfunaraðstaða með öllum helstu tækjum og æfingabekk auk aðstöðu fyrir bakstra og nudd er á neðri hæð Lundar. Sjúkraþjálfari hefur verið í 40% starfi við heimilið og skipuleggur hann þjálfun í samráði við hjúkrunarfræðinga og lækna heimilisins. Boðið er upp á leikfimi þrisvar í viku undir stjórn sjúkraþjálfara. Góð vinnustofa er á heimilinu þar sem er aðstaða fyrir hvers kyns virkni og tómstundir og er skipulögð dagskrá þar þrisvar í viku. Þá er reglulega boðið upp á lestur úr bókum og blöðum í setustofu heimilisins.

Sóknarprestur Oddakirkju kemur á heimilið einu sinni í viku og sinnir hann ásamt starfsfólki sálgæslu á heimilinu og sér um helgihald og samverustundir.

Fæði/mötuneyti

Á Lundi starfar sérmenntaður matráður sem er yfirmaður í eldhúsi, hann skipuleggur matseld og sér um samsetningu matseðla. Allur matur er eldaður á staðnum og áhersla lögð á að heimilismenn og starfsfólk fái hollt fæði sem tekur mið af ráðleggingum Embættis landlæknis, heimilismenn sem á þurfa að halda fá sér fæði og sjúkrasér fæði. Eldhús heimilisins sér einnig um matseld fyrir leikskólann á Hellu. Aðstandendur hafa tök á að borða með heimilismanni sé þess óskað; í nokkrum herbergjum er eldunaraðstaða þar sem aðstandendur geta eldað með sínu fólki eða komið með mat að heiman. Matseðill fyrir hverja viku hangir uppi og er aðgengilegur fyrir alla.

Önnur þjónusta

Heimilismenn Lundar hafa aðgang að hársnyrtingu og fót snyrtingu gegn greiðslu og kemur fagfólk á heimilið til að veita þessa þjónustu. Allur þvottur heimilisins er þveginn í þvottahúsinu á Rauðalæk og er fatnaður heimilismanna merktur sérstaklega.

Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæði Lundar er almennt í góðu standi og vel við haldið, húsgögn og innréttingar eru smekklegar. Alls eru 25 heimilismenn í hjúkrunarrýmum og þegar úttekt er gerð dvelja 3 einstaklingar í hvíldarrýmum á Lundi. Húsnæðið skiptist í tvær einingar; annars vegar deild þar sem eru sex tvíbýli og eitt einbýli og er sú deild einkum ætluð einstaklingum með heilabilunarsjúkdóma. Hins vegar er deild í eldri hluta hússins þar sem búa þrettán heimilismenn í einbýlum með einkasalerni og baðaðstöðu, á þeim gangi eru einnig dvalarrými. Heimilismenn sem búa í einbýlum hafa góðar aðstæður til að hafa hjá sér persónulega muni og húsgögn og geta tekið á móti gestum í eigin vistarverum og í sameiginlegum rýmum heimilisins. Aðstaða utanhúss er mjög góð, skjólsæll garður sem er töluvert notaður. Á heimilinu er leyft dýrahald og eru þar núna kettir, fuglar og fiskar og síðastliðið sumar voru einnig heimalningar í garðinum.

Ávallt er tekið tillit til athugasemda frá Vinnueftirliti og Heilbrigðiseftirliti þegar þær hafa borist og reynt að finna lausnir miðað við aðstæður.

Mannauðsmál

Mönnun

Á Lundi starfa 3 hjúkrunarfræðingar, þar með talinn hjúkrunarforstjóri, 12 sjúkraliðar, þar af 3 með framhaldsmenntun, auk ófaglærðs starfsfólks við umönnun. Eins og fram hefur komið starfar sjúkraþjálfari við heimilið og sérstakir starfsmenn sinna félags- og tómstundastarfi. Allar morgunvaktir eru mannaðar hjúkrunarfræðingum ásamt sjúkraliðum og öðru starfsfólki, kvöldvaktir eru mannaðar sjúkraliða með framhaldsmenntun (hjúkrunarfræðingur á bakvakt) og öðrum starfsmönnum. Á nóttunni er hjúkrunarfræðingur ávallt á bakvakt.

Ráðningaferli/starfsleyfi

Starfsmenn sem hefja störf á Lundi þurfa að framvísa gildu starfsleyfi ef um löggilta heilbrigðisstétt er að ræða. Allir starfsmenn undirrita þagnarskylduheit um leið og þeir skrifa undir starfssamning.

Nýir starfsmenn fá einstaklingsmiðaða aðlögun eftir því um hvaða starf er að ræða og hver bakgrunnur viðkomandi er. Fyrstu 3 - 6 vaktirnar er fólk í aðlögun með reyndum starfsmanni ef um umönnunarstarf er að ræða.

Árið 2011 var heildarstarfsmannavelta heimilisins <5% og heildartíðni veikinda starfsmanna í kringum 4%. Um það bil 11% stöðugilda eru mönnuð starfsfólki sem er af erlendu bergi brotið sem allt talar og skilur íslensku mög vel.

Starfsfólki heimilisins er árlega boðið upp á influensubólusetningu og það hvatt til að láta bólusetja sig. Sjúkraþjálfari heimilisins er reglulega með námskeið um vinnustellingar og notkun hjálpartækja. Á Lundi er góð þjálfunaraðstaða og er starfsfólk hvatt til að notfæra sér það og sjúkraþjálfari hefur boðið starfsmönnum upp á nudd og bakstra sér að kostnaðarlausu.

Gæðamál og ýmsir faglegir þættir

Hjúkrunarforstjóri Lundar ber ásamt hjúkrunardeildarstjóra ábyrgð á RAI skráningu sem og annarri hjúkrunarskráningu og reynt er að fylgjast með niðurstöðum úr RAI mati. Gæðahandbók er ekki fyrir hendi en að sögn hjúkrunarforstjóra er verið að leggja drög að gerð hennar. Verklagsreglur varðandi ýmsa þætti hjúkrunar og umönnunar almennt eru til í möppum á vakt. Ekki liggja fyrir verklýsingar fyrir hverja vakt fyrir hvern og einn heimilismann. Skjalfest stefna varðandi gæði, starfsmannamál, lyfjamál og umhverfis- og öryggismál liggur ekki fyrir í heild sinni. En eins og fram kemur hér að framan er áhersla lögð á að skapa heimilislegt andrúmsloft og leitast við að sinna þörfum hvers og eins heimilismanns eftir því sem tök eru á.

Verklagsreglur og fræðsluefni varðandi handþvott og aðrar sýkingavarnir eru ekki til á skriflegu formi en við allar handlaugar eru leiðbeiningar um handþvott. Ekki er vitað til að upp hafi komið neinar sýkingar á heimilinu síðustu árin.

Lyfjamál

Lyf heimilismanna eru skömmtuð frá SA lyfjaskömmtun og eru hjúkrunarfræðingar ábyrgir fyrir lyfjatiltekt og lyfjagjöfum og hafa þeir ásamt sjúkraliða með framhaldsmenntun aðgang að læstum lyfjaskáp. Lyfjagjafir eru skráðar á þar til gerð lyfjablöð sem geymd eru í sjúkraskrá heimilismanna. Lyfjafyrirmæli eru ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla nema í einstaka tilfellum ef um vægari verkjalyf er að ræða. Lyfjanefnd er ekki við heimilið en lyfjafræðingur frá *Lyffum og heilsu* sér um þjónustu við Lund og lyfjaþjónustu heimilisins er útvistuð með samþykki Lyfjastofnunar. Reynt er að fylgjast reglulega með lyfjagæðavísunum sem Embætti landlæknis hefur mælt með.

Skráning

Í úttekt Embættis landlæknis voru sjúkra- og hjúkrunarskrár heimilisins valdar af handahófi og skoðaðar. Sjúkraskrár eru ekki á rafrænu formi og því ekki um kóðun að ræða. Læknisfræðileg skráning er á ábyrgð læknis heimilisins. Heimilismenn og/eða aðstandendur hafa aðgang að sjúkraskráum sé þess óskað.

Við skráningu hjúkrunar er stuðst við NANDA flokkunarkerfið og eru hjúkrunargreiningar ásamt upplýsingasöfnun, hjúkrunarfyrirmælum og framvindunótum geymdar í möppu heimilismanna.

Atvik/kvartanir

Atvikaskráning er á ábyrgð hjúkrunarfræðings og þau atvik sem upp koma, hvort sem þau snerta heimilismenn eða starfsfólk, eru skráð í þar til gerð atvikaskrá. Atvik eins og byltur hjá heimilismönnum og óhöpp eða meiðsli hjá starfsmönnum eru skráð í þessa atvikaskrá. Ekki voru skráð nein alvarleg tilvik á síðasta ári.

Ekki er til skrifleg verklagsregla hvað á að gera þegar heimilinu berst kvörtun vegna þjónustu eða samskipta.

Öryggismál

Skrifleg rýmingaráætlun er til fyrir heimilið en að sögn hjúkrunarforstjóra þarfnast hún endurskoðunar. Brunavarnakerfi er í húsinu en ekki hafa verið haldnar reglulegar brunaæfingar.

Að sögn hjúkrunarforstjóra er öryggisútbúnaður við umönnun notaður til að tryggja öryggi heimilismanna en einnig til að tryggja starfsfólki góða vinnuaðstöðu. Ekki eru til eyðublöð fyrir upplýst samþykki ef notuð eru höft eða öryggisútbúnaður en að sögn hjúkrunarforstjóra er ávallt leitað eftir samþykki hjá aðstandenda ef viðkomandi getur ekki veitt samþykki sjálfur. Rétt er að taka fram að samkvæmt niðurstöðum úr RAI mati síðustu þrjú matstímabil hafa hvorki verið notuð höft eða öryggisútbúnaður á heimilinu.

RAI mat

Hjúkrunarforstjóri ber ásamt hjúkrunardeildarstjóra ábyrgð á skráningu RAI mats. Reynt er að fylgjast reglulega með niðurstöðum en ekki hefur verið unnið markvisst með þær og þær ekki nýttar á einstaklingsgrunni.

RAI gæðavísar eru 20 talsins og þegar gæðavísar á Lundi eru skoðaðir frá síðustu þremur matstímabilum kemur í ljós að flestir gæðavísar eru í góðu lagi, þó er notkun róandi lyfja og svefnlyfja fyrir ofan efri viðmiðunarmörk og notkun sterkra geðlyfja í öðrum tilfellum en mælt er með í efri kantinum sem og hegðunarvandamál. Þeir gæðavísar sem eru fyrir ofan eða nálægt efri viðmiðunarmörkum þarfnast athugunar.

Samantekt og tillögur til úrbóta

Mönnun

Mönnun fagfólks; hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða við umönnun er ásættanleg.

Flutningur á heimilið

Verklag við inntöku heimilismanna á heimilið er í góðu lagi.

Þjálfun/virkni og sálgæsla

Í góðu lagi.

Fæði og mötuneyti

Í góðu lagi.

Húsnæði og aðstaða

Húsnæði Lundar er almennt í góðu standi, snyrtilegt og vel við haldið. Þó uppfyllir húsnæðið ekki að fullu þær kröfur sem gerðar eru til hjúkrunarheimila í dag, þ.e. stór hluti þess eru tvíbýli.

Öryggi og eftirlit

Yfirleitt í góðu lagi. Embætti landlæknis leggur þó til að hugað verði að úrbótum hvað varðar ákveðna þætti öryggismála heimilisins, sérstaklega með tilliti til hönnunar húsnæðis.

Gæðastarf

Almennt í góðu lagi en Embætti landlæknis hvetur til þess að gerð gæðahandbókar verði flýtt.

Atvik /kvartanir

Atvik eru skráð í atvikaskrá.

Sjúkrarskrár

Vel skipulagðar og í góðu lagi.

Hjúkrunarskrár

Hjúkrunarskráning, svo sem hjúkrunargreiningar, tillögur um meðferð og framvindumat vel skráð og reglulega uppfært.

RAI skráning

Í lagi en vinna mætti markvissar með niðurstöður.

Lyfjamál

Í góðu lagi. Lyfjafyrirmæli eru ávallt gefin af lækni og lyfjaþjónusta Lundar er útvistuð með samþykki Lyfjastofnunar.

Almennt um hjúkrunarheimilið

Augljóst er að starfsfólk lætur sér annt um vellíðan og velferð heimilismanna á Lundi. Gott aðgengi er að sjúkráþjálfun og blómlegt félags- og tómstundastarf er á heimilinu sem er til þess fallið að bæta lífsgæði heimilismanna.

Embætti landlæknis þakkar fyrir góða samvinnu við gerð úttektarinnar og væntir þess að niðurstöður hennar nýtist í umbótastarfi.